

Með tilliti til þess að eigi sjaldan eru talsverðar eptirstöðvar af einni aðaltekju- grein landsjóðins, aðflutningsgjaldi af áfengum drykkjum og tóbaki, og að þetta að nokkru leyti orsakast af því, að sumir gjaldheimtumenn ekki sýnast innheimta tollinn fyrri en löngu eptir að hann er fallinn í gjalddaga, og þá á þann hátt, að þeir taka móti ávísunum uppá verzlunarhús í Kaupmannahöfn, skal jeg þjónustusamlega skora á yður, að brýna fyrir hlutadeigandi gjaldheimtumönnum, að slík aðferð með engu móti má eiga sjer stað, og að ávallt ber að heimta tollinn undir eins og hann fellur í gjalddaga, annaðhvort í peningum eða ávísun uppá áreiðanlegt verzlunarhús í Kaupmannahöfn, og er með þessum síðari gjaldmáta kaupmönnum veitt mikil ívilnun, þarsem skýlaus rjettur er til að heimta tollinn greiddan þegar í stað í peningum samkvæmt tilskipun 26. febr. 1872 7. gr., og lögreglustjórinn getur kyrsett hinar tollskyldu vörur, ef aðflutningsgjaldið ekki er þegar borgað, og selt af þeim það sem með þarf til lúkningar gjaldi þessu, einsog eigandi að vörunum eða umboðsmaður hans ekki heldur hefur rjett til að ráða yfir þeim, fyrri en búið er að greiða ofanefnt gjald.

**Brjef landshöfðingja til beggja amtanna um að gætt skuli varúðar í að selja eigi sjúkt fje til útflutnings.** — Í brjefi frá sendiherra Danakonungs í London til utanríkisráðgjafans danska' er það tekið fram, að á Englandi sje mjög nákvæmt eptirlit haft með því, hvort kláði sje í sauðfje því, sem er flutt þangað frá Íslandi til sölu, og ef minnsti vottur um kláða finnist, þó eigi sje nema í einni kind í heilum fjárfarmi, þá sje hann allur skorinn þegar í stað, en ef þetta kæmi opt fyrir, gæti það staðið mjög fyrir þrifum verzlun þeirri, er á er komin á lifandi sauðpeningi milli Íslands og Englands.

Jeg skal þessvegna, samkvæmt boði ráðgjafans, þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, að leggja fyrir lögreglustjórana í umdæmi yðar, að áminna bændur, sem selja sauðfje til útflutnings, að gæta allrar varúðar í að selja eigi til þessa nema fullkomlega heilbriggt fje.

1) Sá kafi brjefs þessa, er hjer á við, er svo hljóðandi:

Í sambandi við þetta leyfi jeg mjer að skýra frá, að mjer hefur borizt brjef frá varakonsúlum í Newcastle dags. 23. þ. m., um uppástungur þær, sem nú eru gjörðar til þess að efla innflutning á fje frá Íslandi til Newcastle. Varakonsúllinn leiðir athygli að því, að þeir, er yfirumsjón hafa með heilbrigðisástandi dýra í Newcastle, hafa hið nákvæmasta eptirlit með kláða á sauðfje, en sá sjúkdómur gengur jafnaðarlega á Íslandi, eins og kunnugt er. Undir eins og nokkur kind, þó ekki sje nema ein, virðist gefa grun um hinn minnsta kláðavott, segir hann, að allur fjárfarmurinn verði tafarlaust skorinn niður, og ef slíkt kæmi opt fyrir, gæti það efalaust orðið til mikils tjóns fyrir eflingu þessarar verzlunar, sem annars gæti orðið allmikil. Varakonsúll Faber leggur það þessvegna til, að yfirvöldin sbugi, hvort það eigi muni ráðlegt að fyrirskipa á Íslandi strangar ákvarðanir eins og þær, er gilda í Danmörku sjálfri, til þess að koma í veginn fyrir, að veikar skepnur verði fluttar þaðan til Bretlands, og kveðst varakonsúllinn, þegar hann frjetti að gufuskipið Minsk ætti að sækja 2000 fjár til Akureyrar, hafa ritað bæjarfógetanum þar og af sjálfsdáðum leitt athygli hans að því, hvað við lægi, ef sjúkar eða grunaðar kindur myndust í fjárfarminum, að hann þá yrði allur skorinn niður.